

Ed.

117. Frumvarp til laga

[97. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi.

Flm.: Oddur Ólafsson, Geir Gunnarsson, Jón Árm. Héðinsson,
Axel Jónsson.

1. gr.

Njarðvíkurhreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Njarðvíkurhrepp og heitir Njarðvíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í Reykjaneskjördæmi.

2. gr.

Sýslumaður Gullbringusýslu og bæjarfógeti Keflavíkur skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

3. gr.

Sýslunefnd Gullbringusýslu og bæjarstjórn Njarðvíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Gullbringusýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara. Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum samkvæmt þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1978, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Greinargerð.

Á fundi í hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps 2. des. s.l. var eftirfarandi tillaga flutt og samþykkt af öllum hreppsnefndarfulltrúum:

„Hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps samþykkir að fara þess á leit við alþingismenn Reykjaneskjördæmis að þeir flytji á Alþingi frumvarp að lögum um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi. Kaupstaðurinn nái yfir allan núverandi Njarðvíkurhrepp og verði sýslumaður Gullbringusýslu bæjarfógeti kaupstaðarins.“

Ástæður hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps til þess að sækja um kaupstaðarréttindi eru þær hinar sömu og annarra hreppa er nú nýlega hafa fengið kaupstaðarréttindi. Meðal annars má nefna aukið sjálfstæði, einfaldari stjórnsýslu, bætta þjónustu hins opinbera o. s. frv.